

# Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 2. september 2008

Mættir: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

## 1. Hlutverk stjórnar

Hulda Klara samþykkti að vera áfram gjaldkeri félagsins, Jóna Guðrún tók að sér ritarastarfið, meðstjórnandi er Kristjana og varaformaður er Lovísa. Varamenn eru Ragnar, Brynja og Inga Birna.

## 2. Bekkjafulltrúar í unglingsdeild

Á skólasetningu voru þó nokkuð margir sem gáfu sig fram til að sinna hlutverki bekkjafulltrúa en enn vantar fulltrúa í 8. og 9. bekk. Ákveðið að fá Hrafnhildi, ritara skólans, til að senda póst á foreldra þessara bekkja og auglýsa eftir fulltrúum. Mál bekkjafulltrúa rædd. Fundur með tilvonandi bekkjafulltrúum verður haldinn 8.sept. nk.

## 3. Fundartími FFA

Ákveðið var að fundir FFA yrðu annan mánudag hvers mánaðar. Næsti fundur verður því mánudaginn 13. okt. nk.

## 4. Jólaföndur

Jólaföndrið hefur verið fyrsta föstudag desembermánaðar og verður það væntanlega einnig í ár.

## 5. Blátt áfram og Sölvi Fannar

Rætt var um Blátt áfram. Sýning á þeirra vegum var keypt í fyrravetur. Spurning um að kaupa þá sýningu aftur fyrir 3. og 4. bekk nú í ár. Einnig var rætt um að tala við Sölva Fannar og fá hann til að halda fyrirlestur um heilsueflingu og hollt matarræði.

## 6. Lög FFA

Rætt var um lög félagsins. Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að endurkoða þau fyrir næsta aðalfund.

Fundi slitið.

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir